



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Jafnréttisstefna Heilsuleikskólans Brimver/Æskukot.

Jafnréttisstefna Heilsuleikskólans Brimver/Æskukot er þrjúþætt, þ.e. a) nemendur b) foreldra, c) kennara og aðra starfsmenn leikskólans. Hún nær til jafnréttis kynjanna samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Einnig tekur hún mið að jafnréttistefnu sveitarfélags Árborgar 2013-2015.

Mikilvægt er að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannaúds sem býr í hverjum og einum. Lögð er áhersla á að komið sé fram við allt fólk af virðingu og á uppbyggilegan hátt.

Kynferðislegt áreiti og einelti er ekki liðið í Heilsuleikskólanum Brimver/Æskukoti, og á það við um alla jafnt börn og fullorðna. Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hin sami rétt til að tilkynna það til leikskólastjóra, deildarstjóra eða trúnaðarmanna. Lögð er áhersla á að í Heilsuleikskólanum Brimver/Æskukoti sé unnið gegn viðhorfum sem gætu leitt til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar.

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í aðalnámskrá leikskóla er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi.

Forvörn.

Í upphafi skólagöngu barns hefst forvarnarstarf gegn einelti með jákvæðum samskiptum á milli heimils og skóla. Samskipti barna innbyrðis og hvernig þau fara fram skipta stóru máli í forvarnarstarfi gegn einelti. Áhersla leikskólans á uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar hjá barninu er mikil forvörn því ef barn hefur sterka sjálfsmynd ætti það að vera betur í stakk búið ef það lendir í einelti eða verður vitni að því. Með fræðslu og góðum samskiptum innan Heilsuleikskólans Brimvers/Æskukots, milli barna, barna og starfsfólks og milli fullorðna. Fræðslu til starfsfólks sem byggist á því að starfsfólk þekki einelti þegar það á sér stað og kunni að uppræta og/ eða vinna með eineltismál ef þau koma upp. Starfsfólk fær einnig fræðslu um kynbundið og kynferðislegt áreiti, hvernig það getur birtst í skólum og forvarnir gegn því. Vinna á eftir áætlun leikskólans við úrlaustn þessarra mála. Hvert mál er einstakt og er unnið samkvæmt því.

Markmið jafnréttisáætlunar leikskólans Brimver/Æskukot

Markmið jafnréttisáætlunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lífa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Jafnréttisstefna gildir um starfið með börnunum, um námskrá Heilsuleikskóla Brimvers/Æskukots, um starfsmannastefnun og um samvinnu við foreldra.

Börn.

Í leikskólanum Brimver/Æskukot :

Ber að mæta þörfum sérhvers barns óháð kyni. Tryggja ber að bæði drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót, ásamt hvatningu, og örvun í þeim viðfangsefnum sem leikskólinn býður uppá.

Ber að stuðla að vináttu og jákvæðum samskiptum stúlkna og drengja.

Ber að stuðla að því viðhorfi að það sé eðlilegt að bæði drengir og stúlkur leiki sér með allt leikfni og taki þátt í öllum leikjum sem leikskólinn býður uppá.

Ber að vinna gegn þeirri tilhneigingu að skipta veröldinni upp í drengja og stúlkna veröld.

Ber að leitast við að tryggja að börnin upplifi að bæði karlar og konur starfi í leikskólanum.

Ber að varast að nota hugtök sem upphefja eða niðurlægja annað kynið.

Ber að stuðla að því að börnin upplifi það eðlilegt að bæði kynin vinni ýmis störf í samfélaginu og innan heimilanna.

Ber að gæta þess að ýta ekki undir staðalmyndir og að jafnvægi sé á milli kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í textum og bókum.

Foreldrar.

Í leikskólanum Brimver/Æskukoti:

Ber að gæta þess að beina samskiptum að og orðum til bæði feðra og mæðra, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki.

Ber að hvetja bæði feður og mæður til að taka þátt í foreldrasamstarfi við leikskólann.

Ber að stuðla að góðu samstarfi við báða foreldra

Ber að leggja áherslu á að báðir foreldrar mæti í foreldraviðtöl

Beina upplýsingum til beggja foreldra

Starfsfólk

Þar sem starfsmenn eru færri en 25 þá vísa ég í jafnréttisáætlun Sveitarfélags Árborgar.

Í áætlun sveitarfélagsins er kveðið á um hvernig réttindi starfsmanna, sem kveðið er á um 19.-22.grein laga nr.10/2008,eru uppfyllt.

Í leikskólanum Brimver/Æskukot.:

Ber að stuðla að því að þar starfi karlar jafnt og konur og að verkaskiptingin sé ekki kynbundin.

Ber að auglýsa eftir starfsfólki í leikskólann ókynbundið

Ber að ætlast til þess að feður jafnt sem mæður taki á sig fjarveru frá vinnu vegna eigin barna.

Ber að vera á verði gagnvart því sem starfsmaður, karl eða kona getur skynjað sem kynferðislegt áreiti.

Ber að temja sér orðfæri sem höfðar jafnt til beggja kynja.

Ber að stuðla að umræðum um jafnréttismál og unnið gegn því að litið sé á störf í leikskólanum sem kvennastörf

Í lögum um leikskóla kemur fram að starfsfólk leikskóla skuli rækta starf sitt að fagmennsku, alúð og samvirkusemi, jafnframt að starfsfólk skuli gæta kurteisi, nærgætni og lipurð í framkomu sínni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

M.Sigríður Jakobsdóttir leikskólastjóri.
Heilsuleikskólinn Brimver/Æskukot.Árborg.